

Vilhelm Vilhelmsson

## Eignarhald og auðsöfnun við Breiðafjörð frá siðaskiptum til stórubólu

### Inngangur

Við upphaf 18. aldar átti Guðmundur ríki Þorleifsson (1658–1720) fasteignir upp á um það bil 920 hundruð að dýrleika á landsvísu. Þar af var 2/3 hluti af eignum hans í kringum Breiðafjörðinn. Hann bjó á höfuðbólinu Geirrauðareyri (Narfeyri) á norðanverðu Snæfellsnesi ásamt Helgu Eggertsdóttur konu sinni og höfðu barnlaus hjónin um 20 manns í heimili. Á bænum voru 16 kýr, 10 naut, 100 ær, 100 geldkindur og 18 hestar. Í Höskuldsey á Breiðafirði reru allt að fjórir bátar hans til fiskjar allt árið um kring og sömuleiðis átti hann fleiri báta á heilsársveiðum á víð og dreif um fjörðinn. Eignir Sigurðar Halldórssonar leiguliða að Harastöðum í Miðdölum töldu hins vegar aðeins eitt hundruð í jörðinni Saurstöðum í Haukadalshreppi í Dalasýslu. Systur hans tvær áttu samtals sjö hundruð í sömu jörð en afganginn af þeirri 16 hundruða jörð átti stóreignamaðurinn Jón Hákonarson á Vatnshorni. Þannig var munurinn á ríkasta og fátækasta jarðeiganda Breiðafjarðasvæðisins við upphaf 18. aldar.<sup>1</sup>

Að misskipting auðs og valda á Íslandi á árnýöld hafi verið gríðarlega mikil eru engin ný sannindi í íslenskri sagnfræði. Þvert á móti hefur tímabilið frá siðaskiptum til 18. aldar talist einkennast annars vegar af eflingu ríkisvalds og hins vegar samþjöppun jarðeigna á fárra hendur. Um aldamótin 1700 voru 90–96% bænda leiguliðar og fámenn stétt gósseigenda átti tæpan helming allra jarðeigna í einkaeigu.<sup>2</sup> Markmið þessarar greinar er

<sup>1</sup> Þessi grein byggir á gögnum höfundar sem unnin voru upp úr *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* og tengdum heimildum. Ofangreindar upplýsingar eru úr þeim gögnum. Notast var við þá útgáfu Jarðabókarinnar sem kom út á árunum 1980–1990 og er ljósprentuð útgáfa af þeirri sem kom út á árunum 1913–1943. Sjá: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I–XIII* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1980–1990). Hér eftir verður vísað til verksins með styttingunni *Jarðabók Árna og Páls* auk bindis og blaðsíðutals. Auk jarðabókarinnar hefur verið stuðst við útdrætti jarðabréfa sem tengdust jarðabókargerð Árna og Páls og var safnað saman af Gunnari F. Guðmundssyni. Sjá: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Gunnar F. Guðmundsson tók saman (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1993).

<sup>2</sup> Helgi Þorláksson, „Frá kirkjuvaldi til ríkisvalds,“ *Saga Íslands VI*. Ritstjóri Sigurður Línal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2003) bls. 89–107; Bragi Guðmundsson, *Efnaðmenn og eignir þeirra um 1700. Athugun á íslenskum gósseigendum í jarðabók Árna og Páls og fleiri heimildum* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1985) bls. 33–35. Gísli Gunnarsson hefur bent á að fjöldi leiguliða er örlítið breytilegur eftir því hvaða talningu er stuðst við og hver „teljarinn“ sé, þ.e. út frá hverju sé reiknað. Talan fer þó ekki undir 90%. Sjá: Gísli Gunnarsson, „Afkoma og afkomendur meiri háttar fólks 1550–1800,“

að varpa ljósi á birtingarmyndir þessarar misskiptingar á svæði sem ég kalla Breiðafjarðarsvæðið og samanstendur af fjórum sýslum sem líta má á sem hagræna heild: Hnappadalssýslu, Snæfellsnessýslu, Dalasýslu og Barðastrandarsýslu.<sup>3</sup> Breiðafjarðarsvæðið er einstaklega hentugt fyrir rannsókn af þessu tagi. Á svæðinu bjuggu margir efnuðustu menn landsins á 17. öld og það var mikilvægt svæði fiskveiða og verslunar auk þess sem hlutar þess eru meðal búselustu landsvæða á Íslandi. Svæðið einkennist jafnframt af fjölbreytilegum búskaparháttum allt frá heilsársfiskveiðum yst á Snæfellsnesi yfir í hlunnindabúskap á Breiðafjarðareyjunum og hefðbundna kvikfjárrækt í Dalasýslu.<sup>4</sup>

Flestar rannsóknir á eignarhaldi og stéttskiptingu á tímabilinu hafa beinst að því að skoða landið í heild og draga af því almennar niðurstöður.<sup>5</sup> En með því að einblína á skiptingu jarðnæðis á landsvísu tapast yfirsýn yfir ýmiss konar blæbrigðamun á milli sýslna og landsvæða. Sá munur getur haft umtalsverð áhrif á þróun eignarhalds á hverju svæði og undirstrikað ólík form eignarhalds og atvinnuhátta á milli landsvæða. Með því að færa sjónarhornið frá landinu öllu og yfir á afmarkað svæði má betur greina þann staðbundna mun sem einkenndi eignarhald jarðnæðis og sömuleiðis persónugera misskiptingu þess með því að beina sjónum að þeim einstaklingum sem spila þar stærsta rullu og greina nánar frá því hvernig eignarhaldi þeirra var háttað. Hér er því spurt hvernig dreifingu eignarhalds á jarðnæði var háttað á Breiðafjarðarsvæðinu frá siðaskiptum (um 1550) til stórubólu (1707–1709) með sérstakri áherslu á síðari hluta 17. aldar. Hverjir voru jarðeigendur og hvernig dreifðust eignir á milli þeirra? Með hvaða hætti söfnuðust svo miklar jarðeignir á fárra hendur og á hvers kyns tekjum byggði ríkidæmi stóreignamanna?

---

*Íslenska söguþingið 28.–31. maí 1997. Ráðstefnurit II.* Ritsstjórar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1998), bls. 124.

<sup>3</sup> Tvær ástæður eru fyrir því að telja Hnappadalssýslu til Breiðafjarðarsvæðisins: Í fyrsta lagi var sýslan um tíma hluti af Snæfellsnessýslu og sýslurnar því taldar saman í sumum heimildum og því hentugra að láta hana alltaf fylgja með. Í öðru lagi var töluverð samfella á milli sýslnanna tveggja hvað varðar jarðeigendur, atvinnuhætti, embættismenn o.fl. Hún tilheyrir því vissulega svæðinu.

<sup>4</sup> Sjá rök Sverris Jakobssonar fyrir kostum þess að rannsaka Breiðafjarðarsvæðið sem afmarkaða heild: Sverrir Jakobsson, „Braudel í Breiðafirði? Breiðafjörðurinn og hinn breiðfirski heimur á öld Sturlunga,“ *Saga XL*:1 (2002), bls. 150–179.

<sup>5</sup> Sjá: Bragi Guðmundsson, *Efnamenn og eignir þeirra*; Björn Lárusson, *The Old Icelandic Land Registers* (Lund: Ekonomisk-historiska föreningen, 1967) og *Islands Jordebok Under Förindustriell Tid* (Lund: Ekonomisk-historiska föreningen, 1982); Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602–1787* (Reykjavík: Örn og Örlygur, 1987). Til undantekninga má telja: *Lbs-Hbs*, Már Jónsson, *Jarðeignir og jarðeigendur í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1658–1805*, Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði, Háskóli Íslands, 1980 og Björn Teitsson, *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930* (Reykjavík: Menningarsjóður, 1973).

## Um heimildir og aðferðafræði

Engin heildstæð skrá er til yfir eignarhald jarðnæðis á Íslandi eldri en frá lokum 17. aldar. Eldri skrár eru til yfir eignir konungs og eignir kirkna eru gjarnan taldar upp í máldögum og vísitasíum. Fyrsta jarðabókin sem tók til allra (eða flestra) jarða á Íslandi óháð eignarhaldi var tekin saman á árunum 1681–1686 og er iðulega kennd við Johann Klein sem gegndi fógetaembætti á árunum 1665–1683. Ítarlegri jarðabók var gerð árin 1696–1698 og er hún sú fyrsta sem nafngreindir alla jarðeigendur. Hún sýndi hins vegar enn þá gamalt jarðamat og það var því fyrir konungi, sem hafði hug á að auka við skatttekjur sínar, enn þörf á nýrri úttekt með tilheyrandi endurmati á dýrleika jarða líkt og unnið hafði verið í öðrum hlutum ríkisins. Þá þörf uppfyllti *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* sem unnin var á 13 ára tímabili við upphaf 18. aldar. Líkt og aðrar heimildir er *Jarðabók Árna og Páls* ýmsum vandkvæðum háð. Helsti heimilfræðilegi vandi hennar fyrir rannsókn af þessu tagi er sá að hún var unnin á talsvert löngu tímabili (1702 – 1712). Fyrir vikið kemur það fyrir að jarðeigandi sem á eignir í fleiri en einum hreppi eða sýslu sé við fulla heilsu þegar hluti eigna hans er talinn en látinn þegar jarðir í öðrum hreppi eða sýslu eru taldar og eign hans komin í hlut erfingja. Stórabóla felldi í upphafi 18. aldar um það bil þriðjung landsmanna og því létust fleiri jarðeigendur á samningstíma bókarinnar heldur en í eðlilegu árferði. Aðrir jarðeigendur hafa á samningstíma bókarinnar arfleitt börn sín að eignum sínum og búa hjá þeim eignalausir að nafninu til. Þannig er einungis ein 60 hundraða eign skráð á Gísla Jónsson Vigfússonar biskups í jarðabókunum fyrir Breiðafjarðarsvæðið og er hún úr elsta hluta bókarinnar, skráð 1703, en þá bjó Gísli að Reykhólum. Gísli fluttist hins vegar árið 1705 að Mávahlíð og tók við búi tengdaföður síns, Magnúsar Jónssonar lögmanns, en Mávahlíð var skráð sem arfur barna Gísla. Í jarðabókum eru jafnframt átta aðrar eignir skráðar á „börn monsr. Gísla Jónssonar í Mávahlíð“. Ég hef farið þá leið til einföldunar að skrá allar þessar eignir á nafn Gísla. Þá getur sala á jörðum á samningstíma bókarinnar haft áhrif. Þar verður einfaldlega að taka ákvörðun um hvernig skuli skrá eiganda jarðarinnar og getur það skekkt samanburð við aðrar rannsóknir.<sup>6</sup>

## Áhrif siðaskipta á eignarhald jarða við Breiðafjörð

Auðs- og jarðeignasöfnun biskupsstólanna fór stöðugt vaxandi á fyrri hluta 16. aldar og námu eignir kirkjunnar um miðja öldina um 45% af heildardýrleika jarða á landsvísu en

<sup>6</sup> Sjá einnig umræðu í eftirfarandi: Bragi Guðmundsson, *Efnamenn og eignir þeirra*, bls. 17–24. Um fólksfækkun vegna stórubólu, sjá: Einar Laxness, „Stórabóla“, *Íslandssaga A–Ö* 2. bindi (Reykjavík: Bókauktgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, 1987), bls. 165.

53% var í einkaeign á meðan konungur átti 2% alls jarðnæðis. Eftir eignarnám konungs samfara siðaskiptum um miðja öldina varð hlutfall jarðeignahalds á landsvísu þannig að 50% jarða voru í einkaeigu, 19% í eigu konungs en 31% í eigu kirkjustofnana. Hést hlutfallið nokkuð stöðugt til loka 17. aldar, en 1695 hafði hlutfall konungseigna aðeins lækkað, niður í 16% en bæði einkaeign og kirkjueign aukist lítillega.<sup>7</sup>

Helsta eignasafn kirkjunnar á Breiðafjarðarsvæðinu voru þær eignir sem tilheyrðu Helgafellsklaustri á norðanverðu Snæfellsnesi, en klaustrið var eitt jarðmesta og ríkasta klaustur landsins og átti það 120 jarðir um miðja 16. öld.<sup>8</sup> Við siðaskipti tók konungur klaustrið og eignir þess eignarnámi og varð jarðasafnið árið 1565 að tveimur umboðum, Stapaumboði og Skógarstrandarumboði, og var hið fyrrnefnda langtum stærra.<sup>9</sup>

Elsta umboðsveitingarbréf fyrir jarðir Helgafellsklasturs, sem varðveist hefur, er til Daða Guðmundssonar árið 1554 en umboð voru yfirleitt boðin upp á Alþingi til nokkurra ára í senn, þótt einnig hafi verið dæmi um úthlutun umboða til lífstíðar. Gátu handhafar umboðs efnast umtalsvert þar sem þeir greiddu vanalega fast verð til krúnunnar en fengu allar tekjur af umboðsjörðum í eigin hönd.<sup>10</sup> Í veitingarbréfi Gísla lögmanns Þórðarsonar sem tók við umboðinu 1607 kemur t.d. fram að umboðshaldari hlýtur sjálfur alla tolla og landskuldir af jörðum umboðsins en konungur heldur öllum hvítabjarnarhúðum, hvaltönnum og rostungstönnum sem þangað berast.<sup>11</sup> Yfirleitt fór umboðið saman með veitingu sýslumannsembættis Snæfellsnessýslu og var sýslan stundum nefnd Stapasýsla en árið 1640 var umboðið formlega aðskilið frá sýslunni, þó að veitingarnar hafi oft haldist í hendur eftir það.<sup>12</sup>

Þótt umboðin hafi vissulega verið góð leið til að efnast kom það einnig fyrir að enginn fékkst til að taka við Stapaumboðinu því afgjaldið af því þótti svo hátt en 1647 var það 740 ríkisdalir. Gengu fulltrúar konungs svo langt að bjóðast til að „skipta því [Stapaumboði] í sundur í smærri léni“, í þeirri von að þannig mætti gera umboðin að meira aðlaðandi tekjulind. Ekki gekk það heldur og um tíma fékkst enginn innlendur valdsmaður til að taka

<sup>7</sup> Helgi Þorláksson, „Frá kirkjuvaldi til ríkisvalds“, bls. 11; Björn Lárusson, *Íslands Jordebok Under Förindustriell Tid*, bls. 41.

<sup>8</sup> Björn Lárusson, *The Old Icelandic Land Registers*, bls. 67; Sveinbjörn Rafnsson, „Skjalabók Helgafellsklasturs. Registor Helgafellense“, *Saga XVII* (1979), bls. 166.

<sup>9</sup> Hermann Pálsson, *Helgafell. Saga höfuðbóls og klasturs* (Reykjavík: Snæfellingaútgáfan, 1967), bls. 116.

<sup>10</sup> *Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn I–XVI* [hér eftir D.I.] (Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag, 1857–1972). Hér D.I. XII, bls. 677–680; D.I. XIII, bls. 147–148; Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísland*, bls. 31–32; Einar Laxness, „umboð“, *Íslandssaga A–Ö* 2. bindi, bls. 185–186. Meðal þeirra sem fengu umboð úthlutað til lífstíðar voru Magnús lögmaður Jónsson og Magnús sýslumaður Björnsson. Sjá: *Alþingisbækur Íslands 1570–1790 I–XVII* (Reykjavík: Sögufélag, 1912–1986). Hér VIII. bindi, bls. 208 og IX. bindi, bls. 24.

<sup>11</sup> *Alþingisbækur Íslands* IV. bindi, bls. 56–58.

<sup>12</sup> Bogi Benediktsson, *Sýslumannaefir I–V* (Reykjavík: [án útgefanda], 1881–1932). Hér III. bindi, bls. 112.

Stapaumboð að léni og var því umboðið sett í hendur Gregers Knudsson Bang, fóstursonar Jens Söfrenssonar fógeta, árið 1647 og hélt hann því til ársins 1656.<sup>13</sup>

Jarðasafn Helgafellsklausturs hefur hugsanlega tekið einhverjum breytingum þegar konungur tók það yfir, en áratugin á eftir hélst tala jarða í umboðunum tveimur nokkuð stöðug.<sup>14</sup> Elsta skráin yfir jarðir Stapaumboðs, sem varðveist hefur, er skrá sem Lauritz Kruse var skipað að gera yfir eignir konungs á Íslandi árið 1589 en eintak af henni hefur varðveist í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar. Hún er fyrirmynd þeirra konungsjarðabóka sem til eru frá 17. öld, en þær eru allar byggðar upp á sama hátt.<sup>15</sup> Í þeirri skrá eru eignir Stapaumboðs taldar 97 talsins fyrir utan búðajarðir, þ.e. jarðir sem voru eingöngu undir þurrabúðir.<sup>16</sup> Önnur konungsjarðabók er til frá árinu 1597 og er kennd við Jóhann Bockholt hirðstjóra. Þar eru Stapaumboðsjarðir 95 fyrir utan búðir og Skógarstrandarjarðir eru þar 19 talsins. Svipaðar tölur er svo að finna í öllum jarðabókum sem á eftir koma. Þar eru Skógarstrandarjarðir alltaf 18–19 talsins en Stapaumboðsjarðir á bilinu 95–100 og misjafnt hvort búðajarðir eru taldar sérstaklega eða ekki.<sup>17</sup> Einstaka jörð er að finna í einni bók en ekki annarri en það er sitt á hvað og á því geta verið aðrar skýringar en sala á jörð. Þannig geta jarðir hafa farið í eyði á milli jarðatalninga eða staða þeirra breyst úr lögbýli í hjáleigu eða öfugt. Eignarhald Helgafellsklaustursjarða hefur því að öllum líkindum verið nokkuð stöðugt í höndum konungs áratugin á eftir siðaskipti, þ.e. í kringum 120 jarðir.

Í *Jarðabók Árna og Páls* eru Stapaumboðsjarðir 101 talsins og hefur því fjölgað lítillega. Jarðir í Skógarstrandarumboði eru þar hins vegar aðeins átta talsins og hefur því fækkað um tíu jarðir. Þar af voru níu jarðir í Skógarstrandarumboði meðal þeirra 80 jarða sem konungur gaf Henrik Bjelke hirðstjóra árið 1675.<sup>18</sup>

<sup>13</sup> *Alþingisbækur Íslands* VI, bls. 225;286–287. Helgi Þorláksson, „Undir einveldi,“ *Saga Íslands* VII. Ritstjóri Sigurður Línal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 2004), bls. 147.

<sup>14</sup> Konungur fékk fregnir af því að einhverjar eignir hefðu gengið undan jarðasafni klaustursins og árið 1563 fyrirskipaði hann Eggerti Hannessyni umboðshaldara að gera grein fyrir því. Ekki fylgir sögunni hversu margar jarðir var um að ræða. Sjá: Hermann Pálsson, *Helgafell. Saga höfuðbóls og klausturs*, bls. 116.

<sup>15</sup> Einar Laxness, „jarðabók,“ *Íslandssaga A–Ö* 1. bindi, bls. 225–226 ; Magnús Már Lárusson, „Á höfuðbólum landsins,“ *Saga IX* (1971), bls. 81.

<sup>16</sup> *ÞÍ*. Biskupsskjalasafn Bps. B III, 2. Máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar.

<sup>17</sup> Umræddar jarðabækur eru allar varðveittar á Þjóðskjalasafni Íslands undir flokknum Rentukammerskjöl. Hér er notast við ný skráningarnúmer þeirra. *ÞÍ*. Rtk. F/1 – 1 Jarðabók Jóhanns Bockholt hirðstjóra 1597; F/2 – 5 Jarðabók (konungs- og klausturjarðir) 1616; E/3 Jarðabók frá árinu 1660 yfir konungsjarðir og tekjur af sýslunum; E/1 Jarðabók kennd við Jens Söfrensson 1639.

<sup>18</sup> Sjá: *Lovsamling for Island I–XXI* (Kjöbenhavn: Høst, 1853–1889) hér I. bindi, bls. 351 og 356; *Alþingisbækur Íslands* VII. bindi, bls. 443–448; Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkslölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835–1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu* (Kaupmannahöfn, [án útgefanda] 1847), bls. 443–446.

Bjelkesjarðir voru nær allar komnar á markað um 1680. Þar af keypti Eggert ríki Björnsson sýslumaður að Skarði allar Skógarstrandarjarðir að dýrleika a.m.k. 180 hundruð.<sup>19</sup> Svo virðist sem Eggert hafi verið búinn að tryggja sér jarðirnar fyrirfram, því varðveitt eru bréf um kaup hans á þeim dagsett 29. október 1672.<sup>20</sup> Sjálfur hafði Eggert haldið Skógarstrandarumboð frá árinu 1653 og jafnframt gert samkomulag við konung með milligöngu Hans Nansens kaupmanns og síðar borgarstjóra í Kaupmannahöfn um að einhver sona hans fengju umboðið að honum látnum, en þeir létust allir á undan honum.<sup>21</sup>

Flestar aðrar Bjelkesgóssjarðir á Breiðafjarðarsvæðinu voru keyptar af Jakob Benediktssyni sem hafði Stapaumboð og Snæfellsnessýslu á þessum tíma.<sup>22</sup> Umboðið var tekið af honum upp í skuldir árið 1681 en hann kafnaði af völdum kjötbita fjórum árum síðar og „var [þá] kominn í fátækdóm“, eins og segir í *Kjósarannál*.<sup>23</sup> Eignarhald jarða hans var því komið á víð og dreif við upphaf 18. aldar.

Fleiri jarðakaup voru með konungsjarðir undir lok 17. aldar. Þannig skipti Magnús Jónsson lögmaður og Stapaumboðshaldari á árunum 1688–1694 á fjölda jarða við konung skömmu áður en Magnús dó árið 1694. Fékk hann m.a. jörðina Mávahlíð í Neshreppi og settist sjálfur þar að. Tengdasonur hans, Gísli Jónsson, bjó þar eftir andlát Magnúsar og var sjálfur stórgósseigandi á svæðinu. Skýra þessi viðskipti og fleiri sambærileg undir lok 17. aldar þær breytingar sem urðu á eignasamsetningu Stapaumboðs. Fjöldi konungseigna og heildardýrleiki þeirra tók þó fremur litlum breytingum.

## Eignarhald við Breiðafjörð um aldamótin 1700

Eignarhald jarðnæðis á Breiðafjarðarsvæðinu skiptist við upphaf 18. aldar á þann hátt sem sýndur er í töflu 7. Þar koma fram upplýsingar um fjölda lögbýla, dýrleika þeirra og skiptingu í fjóra flokka: kirkjueign,<sup>24</sup> konungseign, einkaeign og spítalaeignir.<sup>25</sup> Þar að auki

<sup>19</sup> *Jarðabók Árna og Páls XIII*, bls. 502; Jón Johnsen, *Jarðatal á Íslandi*, bls. 444–445.

<sup>20</sup> Sjá: Einar G. Pétursson, „Fróðleiksmolar um Skarðverja,“ *Hulín Pláss. Ritgerðasafn gefið út í tilefni sjötugsafmælis höfundar 25. júlí 2011*, (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2011), bls. 251. Bréfin sem um ræðir eru varðveitt í *AM. Apogr.* 5873.

<sup>21</sup> *ÞÍ. Barðastrandarsýsla. C/1-1. Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632–1673*, bls. 259–260; Hið danska kansellí. KA.2. 16.; *Alþingisbækur Íslands VII*. bindi, bls. 144–145. Allar tilvísanir í bréfabók Eggerts Björnssonar eru fengnar úr skráum sem Gunnar Örn Hannesson sagnfræðingur tók saman í tengslum við meistaraþrófsritgerð sína og Gunnar hefur góðfúslega veitt mér aðgang að. Kann ég Gunnari bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Sjá: *Lbs-Hbs*, Gunnar Örn Hannesson, Bréfabók Eggerts Björnssonar sýslumanns á Skarði á Skarðsströnd. Um efni hennar, feril og skjalfræði. Ritgerð til M.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2011.

<sup>22</sup> Sbr. *Jarðabók Árna og Páls XIII*, bls. 499–500.

<sup>23</sup> *Annálar 1400–1800 I–VI* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1922–1987). Hér II. bindi, bls. 470.

<sup>24</sup> Til flokksins kirkjueign teljast allar jarðir í eigu kirkna óháð því hvort um lénskirkjur eða bændakirkjur var að ræða. Lénskirkjur voru sjálfseignarstofnanir undir forræði biskupsstólanna og voru veittar prestum að léni með öllu tilheyrandi. Þær voru misjafnar að gæðum en sumar áttu gríðarlegt magn jarða. Bændakirkjur voru hins vegar í eigu einstaklinga (yfirleitt eiganda jarðarinnar sem þær stóðu á) og telur Bragi Guðmundsson að auðugar bændakirkjur hafi verið „óbein auðsuppspretta eigenda þeirra“ þar sem tekjur þeirra hafi farið í

eru ýmsar fleiri upplýsingar um ábúð og eignarhald jarða á Breiðafjarðarsvæðinu. Taflan safnar saman öllum helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og skýrir sig að mestu leyti sjálf. Tölur 1 og 2 sýna svo hlutfallslega skiptingu eignarhalds innan Breiðafjarðarsvæðisins og í samanburði við eignarhald á landsvísu. Tafla 1 tekur mið af fjölda eigna en sú venja að reikna hlutfall eignarhalds út frá dýrleika jarða gefur örlítið skakka mynd af raunverulegri eignaskiptingu vegna hás hlutfalls jarða með óþekktum dýrleika.<sup>26</sup> Tafla 1 gefur því réttari mynd af heildareign hvers eigendaflokks fyrir sig.

*Tafla 1. Jarðeignir í prósentum reiknað út frá fjölda eigna*

	Kirkju- eign	Konungs- eign	Einka- eign	Annað	Samtals
Hnapp.	30,0%	37,7%	32,3%	0,0%	100%
Snæ.	24,7%	45,1%	29,1%	1,1%	100%
Dal.	15,1%	0,8%	84,1%	0,0%	100%
Barð.	24,0%	3,7%	72,3%	0,0%	100%
Samtals	22,2%	19,1%	58,4%	0,3%	100%

*Tafla 2. Samanburður á hlutfalli jarðeigna.*

	Kirkjueign	Konungseign	Einkaeign	Annað
Br.svæði (fjöldi eigna)	22,2%	19,1%	58,4%	0,3%
Br.svæði (í hndr)	14,3%	14,1%	71,2%	0,4%
Landið allt í hndr (1695)	32%	16%	52%	0%

gegnum hendur eigandans og skapað honum þannig bætta aðstöðu til „ýmissa umsvifa á fjármálasviðinu“. Hann telur því eignir bændakirkna sérstaklega og gerir grein fyrir þeim samhliða öðrum eignum gósséigenda. Ég hef hins vegar farið þá leið að flokka allar kirkjueignir saman óháð stofnanalegri flokkun þeirra. Var það gert þar sem eignir kirkju töldust opinberlega eign hennar sjálfrar og ætlaðar til eigin rekstrar en ekki sem búbot fyrir eigandann hvort sem hann hagnaðist svo af því í reynd eða ekki, enda erfitt að sanna eða afsanna slíkt. Bragi Guðmundsson, *Efnamenn og eignir þeirra*, bls. 25–27.

<sup>25</sup> Til spítalaeigna telst holdsveikraspítalinn að Öndverðareyri og ein jörð sem var í eigu spítalans.

<sup>26</sup> Þar sem dýrleiki jarðar var byggður á skattgreiðsluskyldum hennar var dýrleiki þeirra jarða sem undanþegnar voru tíundarsköttum oft óþekktur. Þetta átti helst við um jarðir kirkjunnar og einnig sumar konungsjarðir. Meðalhlutfall jarða með óþekktan dýrleika var 8,7% en sú tala gefur örlítið skakka mynd því almennt var hlutfallið á bilinu 3–4% en í Snæfellsnessýslu var hlutfallið 20,3%, eða 37 jarðir af 182.

Ef borið er saman eignarhald jarðnæðis á Breiðafjarðarsvæðinu annars vegar og á landsvísu hins vegar (tafla 2) má sjá að hlutfall einkaeignar er talsvert hærra á Breiðafjarðarsvæðinu en á landsvísu. Á því eru vafalaust ýmsar skýringar og án efa er rétt ályktað hjá Braga Guðmundssyni sagnfræðingi að auðsöfnun gósseigenda hafi verið auðveldust þar sem samkeppnin við konung og biskupsstólana var minnst.<sup>27</sup> Það sést vel á umsvifum gósseigenda við Breiðafjörð, en þar er hlutfall einkaeignar langhæst í Dalasýslu, eða 84,1% (sjá töflu 1), og hífir hún töluvert upp meðaltal einkaeignar á svæðinu.

Ég tel þrennt skýra hátt hlutfall einkaeignar þar. Í fyrsta lagi er Dalasýsla landbúnaðarsvæði og þar með utan áhugasviðs konungs og því lítil samkeppni við konungsvaldið um jarðir Dalasýslu. Í öðru lagi er sýslan fjarlæg helstu valdamiðstöðvum kirkjunnar. Mikil jarðasöfn kirkjunnar (og síðar konungs) söfnuðust í kringum tiltekna valdamiðstöðvar, t.d. Helgafellsklaustur á Snæfellsnesi, biskupsstólana eða mjög ríkar lénskirkjur, en ekkert slíkt er að finna í Dalasýslu. Þessar tvær skýringar skapa svo þá þriðju: Fjarlægð frá valdamiðstöðvum konungs og kirkju skapaði valdatómarúm sem útsjónasamir einkaaðilar gátu nýtt sér til að safna að sér eignum og völdum á afmörkuðu svæði, svo framarlega sem þeir höfðu aðgang að fé til fjárfestinga. Staða Eggerts ríka Björnssonar sýslumanns á Skarði (1612–1681) er dæmi um slíkt, en hann eignaðist m.a. allar jarðir á Skarðsströnd nema eina.<sup>28</sup>

Það er hins vegar ekki nóg að horfa til skiptingar eigna í konungs-, kirkju- og einkaeign því síðastnefndi flokkurinn rúmar svo margt. Tafla 3 sýnir því hlutfall góss af jarðeignum á Breiðafjarðarsvæðinu. Góss er hér skilgreint sem einkaeign þar sem eigandi eða allra nánustu ættingjar (maki, börn eða foreldrar) eiga andvirði 61 hundraða í fasteignum eða meira og er það óháð því hvar á landinu þær fasteignir liggja.<sup>29</sup>

Töflu 3 er skipt í fjóra flokka. Fyrst er góss sýnt sem hlutfall af heildarfjölda jarðeigna á Breiðafjarðarsvæðinu, þvínæst sem hlutfall af heildarfjölda jarða í einkaeigu. Síðustu tveir flokkarnir veita sömu upplýsingar en miða við dýrleika eignanna.<sup>30</sup> Af töflunni sést að

<sup>27</sup> Bragi Guðmundsson, *Efnamenn og eignir þeirra*, bls. 70.

<sup>28</sup> Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir* II. bindi, bls. 114.

<sup>29</sup> Þessi skilgreining á góssi er talsvert frábrugðin þeirri sem Bragi Guðmundsson styðst við í sinni rannsókn, en í gósseigendatali hans eru taldir þeir sem eiga 121 hundrað fasteigna eða meira. Svo þröng skilgreining er skiljanleg þegar unnið er með einkaeign á landsvísu en þegar smærra svæði er tekið til rannsóknar er eðlilegt að víkka skilgreininguna. Þá er skýr breyting á eignasamsetningu jarðeigenda við þessi 60 hundraða mörk. Samanlagður eignafjöldi hvers eiganda eykst og sömuleiðis verður algengara að eigendur eigi fasteignir víðar um landið. Skilin eru hins vegar ekki eins skýr á milli eignahópanna 61–121 hundraða og 121+ hundraða eign og undirstrikar það gildi þess að setja gósseigendamörk við 60 hundraða eign. Fyrir skilgreiningu Braga, sjá: Bragi Guðmundsson, *Efnamenn og eignir þeirra*, bls. 40.

<sup>30</sup> Hafa verður í huga að fjöldi jarða með óþekktum dýrleika skekkir útkomu þriðja flokksins, þ.e. hlutfall góss af heildardýrleika jarðeigna.



hlutfall góss af einkaeign helst nokkuð stöðugt á bilinu 60–70% en að meiri munur er þegar horft er til heildarfjölda jarða. Þannig er hlutfallið mun hærra, eða ríflega helmingur, bæði í Dalasýslu og Barðastrandarsýslu en á bilinu 17–21% í Hnappadals- og Snæfellsnessýslum. Skýrist það af umsvifum konungs á Snæfellsnesi. Það er því augljóst að bróðurpartur jarða í einkaeigu á Breiðafjarðarsvæðinu tilheyrði góssi, eða jarðasöfnum, vel stæðra bænda og fjölskyldna þeirra, þ.e. gósseigendastéttar. Því er ekki úr vegi að líta næst á jarðeigendur á Breiðafjarðarsvæðinu og skiptingu þeirra í hópa eftir fjölda og dýrleika eigna þeirra. Með því má sjá hve stórt hlutfall gósseigenda var af raunverulegum íbúafjölda svæðisins.

Tafla 3. Hlutfall góss af heildareign

Sýsla	Hlutfall af heildarfjölda jarða	Hlutfall af heildarhluta einkaeignar	Hlutfall af dýrleika heildarfjölda	Hlutfall af dýrleika einkaeignar
Hnapp.	20,8%	64,3%	28,8%	70,2%
Snæ.	17,3%	59,4%	27,9%	64,7%
Dal.	56,4%	67,1%	57,6%	66,1%
Barð.	52,3%	72,3%	62,6%	76,4%
Samtals	39,5%	67,7%	49,8%	69,9%

### Jarðeigendur við Breiðafjörð

Jarðeigendur á Breiðafjarðarsvæðinu voru samtals 249 við upphaf 18. aldar. Þar af voru nokkur hjón og einhver ung börn. Þegar búið er að sameina slíka eigendur undir eina færslu verður tala jarðeigenda 230 manns. Gera verður ráð fyrir því að einhverjir fleiri á listanum geti verið hjón og einnig er mögulegt að einhverjir einstaklingar séu tvítaldir og talan því líklega enn lægri.<sup>31</sup> Þessar tölur eru því ekki kórréttar en engu að síður lýsandi fyrir fjölda jarðeigenda. Lægri talan gefur jafnframt réttari mynd af eignarhaldi þar sem eignir fjölskyldu (þ.e. hjóna með ung börn) haldast þannig saman.

<sup>31</sup> Skýring þess að einhverjir geti verið tvítaldir er sú að í *Jarðabók Árna og Páls* eru misjafnlega miklar upplýsingar um skráða jarðeigendur og þegar um algeng nöfn er að ræða er sá möguleiki fyrir hendi að sami einstaklingur sé skráður tvisvar. Þannig er Magnús Jónsson að Vatnabúðum á Snæfellsnesi eigandi tveggja jarðarparta 17 hundruð að dýrleika en Magnús Jónsson „undir jökli“ skráður eigandi átta hundruða jarðarparts í Dalasýslu en engin meiri deili á honum sögð. Sú ákvörðun var tekin að leyfa þeim að njóta vafans og flokkast sem tveir jarðeigendur þó ekki sé útilokað að um sama mann sé að ræða.

Tafla 4. Jarðeigendur á Br.svæði miðað við mannfjölda.<sup>32</sup>

Sýsla	Íbúa- fjöldi 1703	Fjöldi heimila	Fjöldi jarð- eigenda	Hlutfall jarð- eigenda af íbúafjölda	Hlutfall jarð- eigenda m.v. fjölda heimila
Utan svæðis			64		
Snæ. <sup>33</sup>	4543	750	58	1,3%	7,7%
Dal.	1943	321	65	3,3%	20,2%
Barð.	2687	474	62	2,3%	13,1%
Samtals	9173	1545	249	2,7%	16,1%

Tafla 4 sýnir hlutfall jarðeigenda af íbúafjölda og fjölda heimila. Þar sést að hlutfall jarðeigenda er innan við 3% allra íbúa Breiðafjarðarsvæðisins og jafnframt að þrír af hverjum fjórum (þ.e. 185 af 249) jarðeigendum bjuggu innan svæðisins. Íbúafjöldinn nær til allra íbúa, barna og ómaga meðtalinna. Það þýðir því ekki að allir hinna 97,3% íbúanna, sem ekki töldust eignamenn, hafi verið fátæklingar. Sumir þeirra komu til með að erfa miklar eignir að foreldrum eða öðrum skyldmönnum látnum og aðrir voru makar eða nánir ættingjar gósseigenda og því ekki á flæðiskeri staddir. Hlutfall jarðeigenda miðað við fjölda heimila leiðréttir þessa tölu að einhverju leyti. Sé sú tala borin saman við hlutfall jarða í ábúð eiganda (töflu 5) verður myndin enn skýrari. Þar sést að síðarnefnt hlutfall er ívið lægra á Breiðafjarðarsvæðinu í heild, en þó aðeins hærra í Barðastrandarsýslu. Tölurnar eru samt á svipuðu bili og því má áætla að hlutfall jarðeigenda miðað við fjölda heimila sé í kringum 15%.<sup>34</sup>

Samanlagt sýna þessar tölur hversu fáir áttu jarðeignir á Breiðafjarðarsvæðinu og ekki er annað að ætla en að leiguliðar hafi verið á bilinu 80–95% en talan verið breytileg á milli sýslna. Þannig voru áberandi margir sjálfseignarbændur í Dalasýslu en áberandi fáir í

<sup>32</sup> Hér er stuðst við talningu mína á jarðeigendum en tölur um fjölda heimila og íbúafjölda eru úr eftirfarandi: *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997), bls. 86 og 138.

<sup>33</sup> Íbúafjöldi og fjöldi heimila í Snæfellsnessýslu og Hnappadalssýslu eru talin saman í *Hagskinnu*. Þess vegna eru jarðeigendur í sýslunum sameinaðir í þessari töflu.

<sup>34</sup> Það er í samræmi við niðurstöðu Braga Guðmundssonar um að jarðeignir á landsvísi hafi legið til um 15% heimila. Sjá: Bragi Guðmundsson, *Efnamenn og eignir þeirra*, bls. 33.

Snæfellsnessýsla og undirstrikar það muninn á formi eignarhalds og atvinnuhátta í sýslunum tveimur. Þá verður að hafa í huga að ekki voru allir leiguliðar fátæklingar. Þvert á móti eru dæmi um eignamenn sem kusu að leigja út allar jarðir sínar en voru sjálfir landsetar á konungs- eða kirkjujörðum.<sup>35</sup> A.m.k. einn maður bjó sem húsmáður á eigin eign sem hann síðan leigði út.<sup>36</sup>

Tafla 5. Jarðir í ábúð eigenda<sup>37</sup>

Sýsla	Heildarfjöldi jarða	Jarðir í ábúð eiganda (þ.m.t. jarðarpartar	Hlutfall
Hnapp.	65	12	18,5%
Snæ.	182	9	4,9%
Dal.	179	33	18,4%
Barð.	175	26	14,9%
Samtals	601	80	13,3%

Jarðeigendur á Breiðafjarðarsvæðinu voru 2,7% allra íbúa svæðisins en dýrleiki og fjöldi eigna hvers og eins þeirra var mjög breytilegur. Tafla 6 sýnir skiptingu jarðeigenda eftir dýrleika eigna þeirra. Þar er jarðeigendum skipt í fjóra flokka eftir heildardýrleika eigna þeirra. Nærri því helmingur (45,7%) átti einungis á bilinu 1–12 hundruð í fasteignum og flestir í þeim hóp áttu aðeins eina jörð eða jarðarpart. Meðaltal dýrleikaeignar í þeim flokki er sjö hundruð og telst varla nóg til að draga fram líf fjölskyldu. Næsti flokkur telur þá sem áttu á bilinu 12,5–60 hundruð í jarðeignum. Þar er meðalfjöldi eigna tvær og meðaltal dýrleikaeignar tæp 28 hundruð og teljast því sæmilega stæðir jarðeigendur til þess flokks, þótt munurinn á þeim fátækasta og þeim ríkasta sé umtalsverður. Samtals voru þeir sem

<sup>35</sup> Bragi Guðmundsson, *Efnamenn og eignir þeirra*, bls. 35.

<sup>36</sup> Þorbergur Þorsteinsson að Þorgeirsfelli í Snæfellsnessýslu leigði út jörð sína til tveggja aðila en bjó þar sjálfur sem húsmáður. Hann átti samtals 32 hundruð í fasteignum og getur því varla talist meðal fátækustu manna. *Jarðabók Árna og Páls V*, bls. 100–101.

<sup>37</sup> Taldir voru allir sem samkvæmt jarðabók bjuggu á eigin eign og breytir engu þó það hafi einungis verið á litlum hluta eignarinnar. Bragi Guðmundsson gerir slíkt hið sama en tölur hans eru engu að síður aðeins frábrugðnar mínum. Báðir teljum við 12 sjálfseignarbændur í Hnappadalssýslu, en hann telur 7 í Snæfellsnessýslu en ég 9, hann 36 í Dalasýslu en ég 33 og hann 28 í Barðastrandarsýslu en ég 26. Skýringar á því geta verið þrjár: Annar hvor okkar mistelur fjölda sjálfseignarbænda, Bragi telur til sjálfsábúðar íbúa á jörðum þar sem eignarhald er óljóst eða þá að eigandi sé máki eða barn ábúanda og annar hvor okkar Braga fari á mis við slíka tengingu. Munurinn er hins vegar svo lítill að þetta hefur ekki áhrif á niðurstöðuna. Sjá: Bragi Guðmundsson, *Efnamenn og eignir þeirra*, bls. 36.

áttu 60 hundruð eða minna 87% jarðeigenda á Breiðafjarðarsvæðinu og hlutfall eigna þeirra 42% af allri einkaeign.

Að fornu töldust jarðir undir 10 hundruðum að dýrleika vera kotjarðir en meðaljarðir vera 20 hundruð. Á 17. öld hafði verðgildi jarða lækkað og meðaljörð var þá um 12 hundruð að dýrleika.<sup>38</sup> Þjóðfélagsstaða þeirra 200 einstaklinga sem skipa þann hóp jarðeigenda sem áttu 60 hundruð eða minna var því æði misjöfn, allt frá bláfátækum kotbændum og vinnufólki sem hlotið hafði örfá hundruð í arf en ekki nóg til að geta sest að búi yfir í vel stæða bændur með jarðeignir talsvert yfir meðaltali, sem var 35 hundruð á Breiðafjarðarsvæðinu í heild.

Það sama verður ekki sagt um þá 30 aðila sem áttu yfir 60 hundruð í jarðeignum. Samanlagt átti sá hópur meira en helming (tæp 58%) allrar einkaeignar í dýrleika á Breiðafjarðarsvæðinu, 4669 hundruð af 8071.<sup>39</sup> Hlutfall eignarhalds þeirra er aðeins lægra, eða 43%, þegar taldar eru eignirnar sjálfar, en sú tala er ekki jafn nákvæm þar sem fjöldi jarða var í eigu margra aðila. Þannig deildu gósseigendur á borð við Guðmund Þorleifsson jarðeignum með fátækum jarðeigendum á borð við Magnús Jónsson undir jökli.<sup>40</sup> Þessi örsmái hópur gósseigenda, 0,3% af íbúafjölda Breiðafjarðarsvæðisins, átti þannig u.þ.b. helming allrar einkaeignar á svæðinu. Þar af var 21,5% af heildardýrleika allrar einkaeignar á Breiðafjarðarsvæðinu í eigu afkomenda Eggerts ríka Björnssonar.<sup>41</sup>

Í töflu 6 er gósseigendum skipt í tvo flokka. Annars vegar þá sem áttu á bilinu 61–120 hundruð í jarðeignum og svo þá sem áttu yfir 121 hundruð. Hóparnir eiga það sameiginlegt að allir innan þeirra eiga fleiri en eina jörð og flestir miklu fleiri og meðaltal eigna þeirra er langt yfir meðaltali. Þetta er því stétt vel stæðra landeigenda og innbyrðis tengsl þeirra á milli eru mikil. Þó er töluverður munur á milli hópanna. Þannig stekkur meðalfjöldi eigna úr fjórum hjá þeim sem eiga 61–120 hundruð upp í 11 hjá þeim sem eiga 121 hundruð eða meira og meðaltal dýrleikaeignar úr 83 hundruðum í 265. Vissa fyrirvara verður að setja

<sup>38</sup> Einar Laxness, „hundrað,“ *Íslandssaga A–Ö* 1. bindi, bls. 206.

<sup>39</sup> Samanlagður dýrleiki einkaeignar er misjafn í þeim töflum sem hér er unnið með. Annars vegar (í töflu 7) er talan 8152 hundruð en í töflu 6 er talan 8071 hundruð. Tvær skýringar eru á því. Annars vegar eru nokkrar jarðir sem skráðar eru í einkaeigu en óþekkt hver eigandinn er. Þær jarðir og dýrleiki þeirra eru því ekki með í jarðeigendatalinu. Hins vegar hef ég notast við ólíkar námundunaraðferðir þegar eignarhlutar voru taldir í álnum.

<sup>40</sup> *Jarðabók Árna og Páls* VI, bls. 30–31.

<sup>41</sup> Í sumum hreppum var hlutfallið margfalt hærra og má þar nefna Rauðasandshrepp í Barðastrandarsýslu og Skarðsstrandarhrepp í Dalasýslu. María Ásdís Stefánsdóttir hefur skrifað ágætt yfirlit yfir eignir Eggerts og fjölskyldu hans. Hún bendir á að árlegar tekjur afkomenda Eggerts af jarðeignum sínum voru sambærilegar við meðaleign jarðeigenda á landsvísi (sem var 35 hundruð). Þannig voru tekjur af jörðum Guðrúnar eldri, Helgu eldri og Arnfríðar Eggertsdætra a.m.k. 33 hundruð árlega. Sjá: *Lbs-Hbs*. María Ásdís Stefánsdóttir, Íslenskur aðall. Athugun á auðæfum Eggerts ríka Björnssonar, Valgerðar Gísladóttur og dætra þeirra. Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands, 2002.

við þær tölur því gríðarlega miklar eignir fimm efnuðustu einstaklinganna á listanum skekkja útkomuna. Þannig myndi meðalfjöldi eigna ríkasta hópsins lækka niður í átta ef efstu fimm gósseigendur væru fjarlægðir úr talinu. Það sama má segja um meðaltal dýrleikaeignar. Meðaltalið væri 178 hundruð væru efstu fimm gósseigendur fjarlægðir. Tölurnar eru því dálítið ýktar þó mikill munur sé eigi að síður á milli hópa. Þá eru tengsl milli hópanna töluverð. Ríkasti maður 61–120 hundraða hópsins er t.d. séra Halldór Pálsson prestur í Selárdal en neðsti maður á 121+ hundraða listanum er séra Páll Björnsson faðir hans. Ýmis ættartengsl önnur eru á milli listanna, tengsl sem minnka til muna þegar borið er saman við hina hópana tvo.

*Tafla 6. Jarðeigendur á Br.svæði miðað við eign í hundruðum.*

	Fjöldi	Hlutfall	Samtals eign í hndr	Heildarfjöldi jarða og parta	Meðalfjöldi eigna (miðgildi)	Meðaltal eignar í hndr
1–12 hndr	105	45,7%	765,5	113	1	7
12,5–60 hndr	95	41,3%	2636,5	180	2	28
61–120 hndr	18	7,8%	1488,5	76	4	83
121+ hndr	12	5,2%	3180,5	152	11	265
Samtals	230	100,0%	8071	521		35

## **Eignasöfnun stóreignamanns, eða: Hvernig varð Guðmundur Þorleifsson svona ríkur?**

Sem fyrr segir var Guðmundur Þorleifsson á Narfeyri langsamlega efnaðastur allra íbúa Breiðafjarðarsvæðisins við upphaf 18. aldar, en hann átti 24 jarðir og tíu jarðarparta á svæðinu, samtals 638 hundruð að dýrleika. Þar að auki átti hann jarðir að verðmæti 258 hundruð í öðrum landshlutum.<sup>42</sup> Næst á eftir honum voru mágkonur hans, Helga og Guðrún Eggertsdætur, sem áttu um 330 hundraða virði hvor. Hann er jafnframt óvenjulegur að því leyti að hann var óskólagenginn og gegndi engum embættum ólíkt

<sup>42</sup> Bragi Guðmundsson taldi eignir Guðmundar á Breiðafjarðarsvæðinu vera 662 hundruð að dýrleika. Ég taldi hins vegar 638 hundruð. Mismunurinn skrifast líklega á ólíka túlkun á eignarhaldi á jörðinni Blönduhlíð, 24 hundraða jörð. Guðmundur var í miðjum viðskiptum með þá jörð við Jón Árnason í Brekku í Norðurárdal þegar jarðabókin var gerð og því eignarhaldið opið til túlkunar.

flestum öðrum stóreignamönnum á landinu um aldamótin 1700.<sup>43</sup> Það getur því verið fróðlegt að líta nánar á Guðmund og jarðasafn hans með tilliti til eignasöfnunar á tímabilinu.

Guðmundur var sonur Þorleifs Kortssonar (um 1620–1698) lögmans norðan og vestan, umboðshaldara Þingeyraklausturs og sýslumanns í Stranda- og Ísafjarðarsýslu.<sup>44</sup> Þorleifur efnaðist mjög á embættum sínum og gerir Bogi Benediktsson að því skóna að vaskleg framganga Þorleifs í galdramálum í Strandasýslu hafi átt sinn þátt í auðsöfnuninni en ekki eru seinni tíma sagnfræðingar sannfærðir um þann dóm.<sup>45</sup> Árið 1698 arfleiddi hann Guðmund að 14 jörðum að verðmæti 224 hundruð og 60 álnir. Af þeim voru sex í Barðastrandarsýslu að dýrleika 128 hundruð en hinar í Strandasýslu og Húnavatnssýslu.<sup>46</sup>

Guðmundur hafði árið 1686 gifst Helgu yngri Eggertsdóttur Björnssonar, einu efnilegasta kvonfangi landsins enda hafði faðir hennar verið með ríkustu mönnum þess og látist sonarlaus. Þau voru þremmenningar, en Ingibjörg móðir Guðmundar og Eggert Björnsson voru bæði barnabörn Magnúsar prúða í Ögri og Ragnheiðar konu hans. Innbyrðis giftingar innan ætta voru raunar tíðar meðal íslenskrar gósseigendastéttar.<sup>47</sup>

Þann 27. febrúar 1681 skrifaði Eggert Björnsson erfðaskrá þar sem arfur dætra hans er skráður. Samanstóð arfur Helgu af fjórum jörðum í Snæfellsnessýslu, 115 hundruð að dýrleika. Meðal þeirra var höfuðbólið Geirrauðareyri (Narfeyri), en eftir andlát Eggerts árið 1681 var 11 jörðum og jarðapörtum í fimm sýslum, 83 hundruð að dýrleika, bætt við höfuðbólshlutdeild Geirrauðareyrar.<sup>48</sup> Samtals var því arfur hennar 203 hundruð í fasteignum og 100 hundruð í lausafé.<sup>49</sup> Arfur þeirra hjóna hefur því verið 427 hundruð og 60 álnir, þar af 267 hundruð á Breiðafjarðarsvæðinu. Séu þessar tölur bornar saman við

<sup>43</sup> *Íslenskar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940 I–VI* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1976). Hér bók F–Í, bls. 191.

<sup>44</sup> *Íslenskar æviskrár T–Ö*, bls. 182.

<sup>45</sup> Bogi Benediktsson, *Sýslumannaefir* II, bls. 227–229; Magnús Rafnsson, „Hvaða galdur? Ólík viðhorf alþýðu og yfirvalda,“ *Galdramenn. Galdrar og samfélag á miðöldum*. Ritstjóri Torfi H. Tulinius (Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008), bls. 158–160; Helgi Þorláksson, „Frá kirkjuvaldi til ríkisvalds,“ bls. 372; Einar Hreinsson, „Skraddarinn og seiðmennirnir. Þorleifur Kortsson og galdramál 17. aldar,“ *Sagnir* 14 (1993), bls. 22–30.

<sup>46</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 150.

<sup>47</sup> *Lbs-Hbs*. María Ásdís Stefánsdóttir, *Íslenskur aðall*, bls. 39; Bragi Guðmundsson, *Efnamenn og eignir þeirra*, bls. 58.

<sup>48</sup> Höfuðból var á þessum tíma lögfræðilegt hugtak sem meðal annars snerti skiptingu erfðagóss, greiðslu skulda o.fl. Samkvæmt *Jónsbók* skyldu synir erfa höfuðból en dætur útjarðir, en höfuðból voru að lágmarki 60 hundruð að túndarmati. Höfuðbólum fylgdu yfirleitt svokallaðar útjarðir, sem gátu verið misjafnlega margar að tölu, en það voru lögbyli í eigu sama aðila en fylgdu höfuðbólunni að erfðum. Þannig var hægt að bæta við, eða draga úr, höfuðbólshlutdeild væntanlegra erfingja. Var megintilgangur þessa fyrirkomulags að halda aðalfasteign ættarinnar innan ættar við andlát ættarhöfuðsins. Sjá: Magnús Már Lárusson, „Á höfuðbólum landsins“, bls. 42–45.

<sup>49</sup> *ÞÍ*. Jarðaskjöl XXII. Skjalabók Bæjar á Rauðasandi 1418–1730. Sjá einnig: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 66–67.

þær jarðir sem þau töldu fram sem arf sinn í bréfum til Árna Magnússonar og Páls Vídalíns má sjá að Helga hefur erfð a.m.k. sex jarðir eða jarðarparta til viðbótar að dýrleika 84 hundruð og a.m.k. ein jörð er skráð til viðbótar sem erfðagóss Guðmundar. Það má því lauslega áætla að samanlagt erfðagóss Guðmundar og Helgu hafi verið 513 hundruð í fasteignum.

Afgangurinn af 920 hundruða virði af fasteignum Guðmundar á landsvísu hljóta þau hjón að hafa eignast eftir öðrum leiðum og þá helst með kaupum. Feril þeirra eignakaupa er hægt að rekja að hluta til með þeim fjölda bréfa úr fórum Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem varðveitt eru meðal rentukammerskjala á Þjóðskjalasafni.<sup>50</sup> Elstu jarðakaup Guðmundar Þorleifssonar, sem þar eru skráð, eru frá 1688, þ.e. tveimur árum eftir að hann gengur í hjónaband með Helgu Eggertsdóttur, og einkennast elstu kaupin af því að keyptir eru hlutir í jörðum sem þau hjónin eiga þegar að hluta í þeim tilgangi að eignast jörðina í heilu lagi.

Í þónokkuð mörgum tilfellum er um eins konar bankastarfsemi að ræða. Guðmundur hefur stundað það að lána fólki peninga gegn veði í jörðum þeirra og hefur því átt nóg af skotsilfri sem þó var ekki mikið til af á Íslandi á þessum tíma.<sup>51</sup> Þar að auki eru nokkur tilfelli þar sem Guðmundur hefur eignast jarðir með yfirtöku áhvílandi skulda. Sem dæmi má nefna jörðina Laxárholt í Hraunhreppi í Mýrasýslu. Hjónin Einar Jónsson og Ingunn Jónsdóttir áttu part í þeirri jörð upp á níu hundruð en voru í fjárhagskröggum og hafa leitað til Guðmundar. Fá þau honum hlut sinn til eignar í smáum pörtum á árunum 1698–1700 í skiptum fyrir lausafé „sem þau vanhagaði um, einkum sökum landskulda og kúgildabrests“.<sup>52</sup> Hann hefur þekkt vel til fjárhagsvandræða þeirra því hann hafði sjálfur fært þeim sex hundruða hlut í jörðinni auk fimm hundruða í lausafé árið 1697 í skiptum fyrir átta hundruða part í jörðinni Vörðufelli sem þau höfðu selt honum nærri tíu árum áður, þ.e. í ágúst 1688.<sup>53</sup> Aðra jörð, Rútsstaði í Laxárdal í Dalasýslu, eignaðist Guðmundur árið 1700 með loforði um að gjalda „upp á stórt hundruð ríxdali, nefnilega hans [Halls Vigfússonar, fyrrum eiganda] vegna betala þeim góðfræga höfðingsmanni, Jóni Hákonarsyni að Vatnshorni, 31 ½ ríkisdal í móti áður útgefinni handskrift Halls Vigfússonar. Item 15 ríkisdali til Benedikts Jónssonar á Rafnsey í móti útgefnum seðli

<sup>50</sup> Gunnar F. Guðmundsson hefur gert sagnfræðingum stórkostlegan greiða með því að prenta útdrætti úr öllum þeim bréfum í auðlæsilegu formi. Sjá: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*.

<sup>51</sup> Sbr. Lýður Björnsson, „Dalir í kistuhandraða.“ *Söguslóðir. Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum 18. september 1979* (Reykjavík: Sögufélag, 1979), bls. 297–305.

<sup>52</sup> *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 58–59.

<sup>53</sup> Sama heimild, bls. 68.

þeirra í milli fram förnum“.<sup>54</sup> Hann tók þannig að sér að borga skuldir fólks gegn því að eignast jarðir þess.

Eignatilfærslur á borð við þessar tvær voru síður en svo undantekningar. Snögg yfirlit yfir jarðabréf Guðmundar sýnir fimm slík tilfelli og það eru allar líkur á því að þau séu mun fleiri. Þannig stundaði Guðmundur Þorleifsson frumstæða bankastarfsemi og hagnaðist vel á því. Hann fylgdi þar fordæmi tengdaföður síns sem sömuleiðis stundaði það að lána mönnum lausafé gegn veði.<sup>55</sup> Í öðrum tilfellum tók Guðmundur að sér eins konar ellitryggingarstarfsemi. Þannig fékk hann part í Krossnesi í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu að gjöf frá Magnúsi Tumasyni gegn lofordi um fría umönnun til lífstíðar, „hvörrar hann notið hefur á mínu heimili nú upp í 17 ár“, eins og Guðmundur skrifaði árið 1703, en Magnús var þá 81 ára að aldri.<sup>56</sup>

Ríkidæmi Guðmundar Þorleifssonar byggðist því bæði á erfðum hans sjálfs og konu hans og á miklum umsvifum í „viðskiptalífínu“, ef svo má að orði komast. Tekjur Guðmundar voru í samræmi við það, en hann hlaut 86 hundruð í árlegar tekjur af jörðunum, þ.e. landskuld og kúgildaleigur. Við það bættust svo tekjur af ýmsum hlunnindum, reka, fiskveiðum og kvöðum leiguliða og leigutekjur af ýmsu öðru tilfallandi.<sup>57</sup>

## Tekjur stóreignamanna

Þrátt fyrir nokkurn fjölda rannsókna á auðsöfnun, stéttskiptingu og eignarhaldi jarðnæðis á Íslandi á fyrri tímum fer í sagnrituninni lítið fyrir umfjöllun um hverjar tekjur stóreignamanna voru af umfangsmiklum eignum sínum. Slíkt er gríðarstórt umfjöllunarefni þar sem taka þarf tillit til ótal þátta sem eru aðeins að hluta til efnahagslegir. Slík rannsókn þyrfti t.d. að gera grein fyrir því „táknræna auðmagni“ sem fólst í söfnun jarðeigna og aðgengi að hlunnindum á borð við æðardún og rekavið í landbúnaðarsamfélagi eins og því íslenska á 17. öld.<sup>58</sup> Hér er því alls ekki ætlunin að setja fram tæmandi úttekt á tekjuöflun stóreignamanna við Breiðafjörðinn á 17. öld heldur aðeins að ræða efnið stuttlega í því skyni að sýna fram á fjölbreytileika slíkra tekna í efnahagslegum skilningi.

<sup>54</sup> Sama heimild, bls. 93.

<sup>55</sup> Árið 1666 skrifaði Eggert t.d. til Þorsteins Þorleifssonar klausturhaldara á Skriðuklaustri (og bróður Guðmundar Þorleifssonar) þar sem hann féllst á að lána Þorsteini 150 ríkisdali gegn því að fá tekjur Þorsteins af jörðum hans „fyrir vestan“ þar til lánið hefði verið að fullu greitt. Sjá: *ÞÍ. Barðastrandarsýsla. C/1-1. Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632–1673*, bls. 327–328.

<sup>56</sup> *Jarðabók Árna og Páls XIII*, bls. 165.

<sup>57</sup> Sjá: *Lbs-Hbs. María Ásdís Stefánsdóttir, Íslenskur aðall*, bls. 52.

<sup>58</sup> Um hugtakið „táknrænt auðmagn“ sjá: Pierre Bourdieu, *The Logic of Practice* (Cambridge: Polity Press, 1990), bls. 112–121.



Helsta tekjuöflun gósseigenda var falin í þeim gjöldum sem leiguliðinn greiddi: landskuld og leigu á búfénaði (kúgildaleigu). Eignasöfnun stóreignamanna var auðvitað liður í því að tryggja sér þessar tekjur og þær gátu verið umtalsverðar líkt og sjá má af fyrrnefndum tekjum Guðmundar Þorleifssonar. Aðrar tekjur jarðanna voru ýmis hlunnindi, svo sem hvalreki og viðarreki, sem leiguliðum var skylt að sinna í nafni eigandans og honum til tekna, auk annarra hlunninda sem landsdrottinn og leiguliði gátu samið um nýtingu á.<sup>59</sup> Þannig ferðaðist Eggert Björnsson á milli landseta sinna á Skógarströnd sumarið 1658 og skildi eftir hjá þeim bréfleg fyrirmæli um að selja lénsherranum allan þann æðardún sem þeir kynnu að tína.<sup>60</sup>

Flestir úr hópi ríkustu stóreignamanna svæðisins gerðu út skip til fiskveiða og voru útræðisjarðir mikilvægur hluti jarðeignasafns þeirra. Af 12 ríkustu jarðeigendum Breiðafjarðarsvæðisins áttu allir nema einn útræðisjarðir. Það var þeim mikið kappsmál að tryggja sér starfskrafta til veiðanna og var algengt að jörðum ríkra jarðeigenda fylgdu kvaðir um skipsáróður á skipum landsdrottins.<sup>61</sup> Slíkar kvaðir fólu í sér ígildi umtalsverðrar leiguaukningar fyrir leiguliða og hefur verðmæti slíkra kvaða verið álitid um 35 álnir, en landleiga af 20 hundruða jörð var 120 álnir.<sup>62</sup> Þá eru dæmi þess að jarðeigendur hafi tælt til sín landseta í þeim tilgangi að fá til sín góða sjómenn. Eggert Björnsson lagði t.d. hart að Árna Jónssyni að Hattardal, annáluðum hvalveiðimanni, að flytjast vestur á Rauðasand og lofar honum jörð til ábúðar og áttæring til útróðra.<sup>63</sup> Þá voru dæmi þess að stóreignamenn tækju jarðir eða hluta þeirra á leigu til að fá aðgang að einstaklega góðu útræði. Guðmundur Þorleifsson og Vigfús Árnason sýslumaður í Hnappadalssýslu leigðu t.d. hvor sinn þriðjunginn af konungsjörðinni Höskuldsey og áttu þar fjölda búða. Þaðan gerðu þeir út þrjá til fjóra báta hvor allt árið um kring við upphaf 18. aldar þrátt fyrir mikinn aflabrest undir lok aldarinnar á undan.<sup>64</sup>

Umsvif íslenskrar gósseigendastéttar í fiskveiðum á Breiðafirði voru umtalsverð eins og sést af skipaflota þeirra. Guðrún Eggertsdóttir gerði t.d. út ein sjö skip allt árið frá

<sup>59</sup> Samkvæmt *Jónsbók* fylgdu flest hlunnindi (nema hvalreki og viðarreki) landskuldinni og féllu því í skaut leiguliðans, nema um annað væri sérstaklega samið. Sjá: Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir, „Norska öldin“, *Saga Íslands* IV. Ritstjóri Sigurður Línal (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Sögufélag, 1989), bls. 94.

<sup>60</sup> ÞÍ. Barðastrandarsýsla. C/1-1. Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632–1673, bls. 249–252.

<sup>61</sup> A.m.k. átta af tólf ríkustu eignamönnum svæðisins lögðu kvaðir um skipsáróður á einhverja landseta sína.

<sup>62</sup> Árni Daníel Júlíusson, „Kvaðirnar kvaddar. Kvaðakerfi, demógrafa og svæðisbundin misþróun á 17. og 18. öld.“ 2. *Íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit II*. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2002), bls. 242–243.

<sup>63</sup> ÞÍ. Barðastrandarsýsla. C/1-1. Bréfabók Eggerts Björnssonar 1632–1673, bls. 97–98.

<sup>64</sup> *Jarðabók Árna og Páls* V, bls. 346–352. Við upphaf 18. aldar gengu 23 bátar á vertið frá Höskuldsey. Sjá: Helgi Þorláksson, „Undir einveldi,“ bls. 26–28.

útræðisjörðinni Keflavík á Rauðasandi og bannaði hún öðrum að gera þaðan út til að tryggja yfirráð sín yfir þessu góssi.<sup>65</sup> Hún gerði líka skip út frá fleiri jörðum, m.a. Siglunesi á Barðaströnd og Skeri í Patreksfirði. Guðmundur Þorleifsson gerði sömuleiðis út fjölda skipa og það sama á við um hina sex gósseigendurna sem lögðu kvaðir um skipsáróður á landseta sína. Þá verður að hafa í huga að tekjur jarðeigenda af fiskveiðum voru ekki bundnar við þeirra eigin útgerð heldur tóku jarðeigendur yfirleitt einhvers konar toll eða gjöld af útgerð annarra frá útræðisjörðum.<sup>66</sup> Þá hefur búðaleiga vafalaust verið hagkvæmari nýting en hefðbundinn búskapur á lökum jörðum við sjávarsíðuna.

## Niðurstöður

Helstu áhrif siðaskipta á eignarhald jarðnæðis á Breiðafjarðarsvæðinu voru þau að konungur tók við af kirkjunni sem stærsti einstaki landeigandi á Snæfellsnesi. Með stofnun umboða skapaðist möguleiki fyrir útsjónarsama einstaklinga að auðgast umtalsvert og komast yfir góðar jarðir, sem svo héldust lengi innan ætta. Jarðir í einkaeigu skiptust á 17. öld niður á milli lítills hluta íbúa svæðisins en meðal jarðeigenda var sömuleiðis mikill munur á þeim meirihluta, sem átti litlar eignir sem varla dugðu til að draga fram lífið, og svo þeirra örfáu sem áttu mjög stór góss. Gósseigendastétt var fámenn og samanstóð af örfáum og að mestu leyti staðbundnum fjölskyldum sem einokuðu stóran hluta jarðnæðis í einkaeigu við Breiðafjörðinn. Ef marka má feril Guðmundar Þorleifssonar má vera ljóst að gósseigendur beittu ýmsum brögðum við að sölsa undir sig jarðir og voru umsvifamiklir í efnahagslífi svæðisins þar sem þeir voru samtímis landsdrottinnar fjölda manns, lánardrottinnar skuldugra, atvinnurekendur með fjölda manns í vinnu jafnt á stórbýlum sínum og við fiskveiðar og veittu á sama tíma fátæku fólki ákveðið afkomuöryggi, m.a. með því að hugsa um einstæðinga í ellinni gegn veði í eignum þeirra.

En hver er svo ávinningurinn af því að einblína á form eignarhalds og auðsöfnunar á afmörkuðu svæði eins og Breiðafirðinum? Svarið er augljóst þegar litið er á töflu 1. Hinn svæðisbundni munur á formi eignarhalds sést svart á hvítu þegar bornar eru saman sýslur eins og Snæfellsnessýsla og Dalasýsla þar sem eignarhald jarðnæðis í þeirri fyrrnefndu er að stórum hluta í höndum konungs en kirkjueign og einkaeign langt undir landsmeðaltali en þessu er þveröfugt farið með Dalasýslu þar sem einkaeign er margfalt meiri en bæði í nálægum sýslum og á landsvísu. Slíkar niðurstöður undirstrika hversu skakka mynd er að fá af eignarhaldi jarðnæðis, atvinnu- og búsetuháttum og fleiru slíku sé eingöngu miðað við

<sup>65</sup> *Jarðabók Árna og Páls VI*, bls. 309.

<sup>66</sup> Sjá t.d. *Jarðabók Árna og Páls V*, bls. 190, 351; *Jarðabók Árna og Páls VI*, bls. 233.

landsmeðaltal. Sú niðurstaða rannsóknarinnar að eignarhald á Breiðafjarðarsvæðinu í heild hafi verið með öðrum hætti en landsmeðaltal segir til um gefur til kynna að vænlegra geti verið að skoða landið sem afmörkuð en tengd hagsvæði í stað heilðrænnar nálgunar á landsvísu þegar meta á form eignarhalds, atvinnuhátta og stéttskiptingar á Íslandi fyrr á tímum.

Tafla 7. Skipting jarðeigna samtals (sjá hér að neðan, bls. 20).

Tafla 7. Skipting jarðeigna samtals.

Sýsla	Lögbýli	Dýrleiki samtals	Kirkju-eign	Dýrleiki kirkju-eignar	Konungs-eign	Dýrleiki konungs-eignar	Einka-eign	Dýrleiki einkaeignar	Þ.a. Góss	Dýrleiki góss	Spítala eignir	Dýrleiki þeirra	Jarðir með óvissum dýrleika	Jarðir í ábúð eiganda	Jarðir m. 2 eða fl. Eig.
Hnapp.	65	1193	19,5	228	24,5	475	21	490	13,5	344			2	12	11
Snæ.	182	2471	45	329	82	1028	53	1066	31,5	690	2	48	37	9	17
Dal.	179	4178	27	534	1,5	5	150,5	3639	101	2407			6	33	55
Barð.	175	3609	42	544	6,5	108	126,5	2957	91,5	2258			7	26	41
Samtals	601	11451	133,5	1635	114,5	1616	351	8152	237,5	5699	2	48	52	80	124

Vilhelm Vilhelmsson, f. 1980, lauk MA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands og stundar nú doktorsnám í sagnfræði við sama skóla.

